



Ráðhús Reykjavíkur

Forsætisnefnd

**Efni: Sundkennsla gerð að valfagi á unglíngastigi**

Á fundi skóla- og frístundaráðs þann 11. janúar 2022 var lagt fram bréf borgarstjórans í Reykjavík, dags. 16. júní 2021, þar sem svohljóðandi tillögu fulltrúa ungmennaráðs Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða var vísað til meðferðar skóla- og frístundaráðs ásamt minnisblaði sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 16. desember 2021:

Lagt er til að borgarstjórn feli skóla- og frístundaráði að gera sund að valfagi á unglíngastigi að því gefnu að nemandi hafi staðist stöðupróf um grunnhæfniviðmið skólasunds. Lagt er til að breytingin taki gildi í byrjun skólaárs 2021-2022.

Greinargerð fylgdi.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi breytingartillögu:

Skóla- og frístundaráð leggur til að frá og með skólaárinu 2022 – 2023 verði nemendum í 8. bekk kynntur sá möguleiki að þeir geti haft val um að ljúka hæfniviðmiðum skólasunds í 9. bekk. Þeim nemendum sem ljúka hæfniviðmiðum skólasunds í 9. bekk verði boðið upp á að dýpka þekkingu sína og færni í öðrum greinum skólaíprótta og jafnframt tryggt að nemendur fái þann tíma til hreyfingar sem viðmiðunarstundaskrá aðalnámskrár segir til um.

Greinargerð fylgdi.

Tillagan var samþykkt.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi bókun:

Meirihlutinn fagnar tillögu ungmennaráðs Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða um að skólasund verði gert að valfagi á unglíngastigi í grunnskólum. Fulltrúar meirihlutans telja mikilvægt að auka valfrelsi ungmenna þar sem því er við komið og mikilvægt að leggja áherslu á fög og hreyfingu sem liggja á áhugasviði hvers og eins. Þessi tillaga er líka til þess fallin að vinna gegn kvíða ungmenna og vanlíðan sem getur fylgt því að sækja skólasund með tilheyrandi sundklæðnaði og sturtuferðum. Tillagan þjóni því vel markmiðum um bættu geðheilsu ungmenna í Reykjavík. Meirihlutinn tekur undir meginefni tillögunnar með þeirri breytingartillögu að frá og með næsta skólaári verði nemendum í 8. bekk kynntur sá möguleiki að þeir geti haft val um að ljúka hæfniviðmiðum skólasunds í 9. bekk í stað 10. bekkjar. Þeim nemendum sem ljúka hæfniviðmiðum skólasunds í 9. bekk verði boðið upp á að dýpka þekkingu sína og færni í öðrum greinum skólaíprótta og jafnframt tryggt að nemendur fái þann tíma til hreyfingar sem viðmiðunarstundaskrá aðalnámskrár segir til um. Samhliða auknu vali nemenda er mikilvægt að vinna áfram með jákvæða líkamsímynd barna og stuðla að aukinni vellíðan þeirra í skólasterfi.



Reykjavíkurborg

Virðingarfyllst,

Helgi Grímsson


Helgi Grímsson

sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Hjálagt:

Greinargerð

Minnisblað, dags. 16. des.2021



## MINNISBLAÐ

**Viðtakandi:** Skóla- og frístundaráð

**Sendandi:** Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

---

***Efni: Varðandi tillögu frá fulltrúa ungmennaráðs Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða um að skólasund verði gert að valfagi í grunnskólum borgarinnar ef nemandi stenst stöðupróf á unglिंगastigi***

Á fundi í borgarstjórar og Reykjavíkurráðs ungmenna sem haldinn var 11. júní 2021 var lögð fram svohljóðandi tillaga Elísbetar Láru Gunnarsdóttur frá ungmennaráði Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða:

*Lagt er til að borgarstjórn feli skóla- og frístundaráði að gera sund að valfagi á unglिंगastigi að því gefnu að nemandi hafi staðist stöðupróf um grunnhæfniviðmið skólasunds. Lagt er til að breytingin taki gildi í byrjun skólaáris 2021 – 2022.*

Tillögunni fylgdi greinargerð.

Til að afla upplýsinga um hvernig grunnskólar borgarinnar eru þegar að nýta sér þann sveigjanleika sem er til staðar í aðalnámskrá grunnskóla með því að nemendur geti sýnt fram á að hafa staðist hæfniviðmið í skólasundi í 9. bekk og hvað nemendum er þá boðið upp á í staðinn var sendur póstur til allra skóla í Reykjavík með unglिंगastig. Allir 22 borgarrekniir og fjórir sjálfstætt rekniir skólar svöruðu fyrirspurninni.

Í ljós kom að í 20 borgarreknum skólum og tveimur sjálfstætt reknum skólum í borginni er nemendum gefinn kostur á að sýna fram á að hafa staðist hæfniviðmið aðalnámskrár í skólasundi í 9. bekk. Aðeins í fjórum skólum hefur nemendum verið gert skylt að sækja kennslu í skólasundi í 10. bekk en allir þessir skólar sögðust tilbúnir til að leita leiða til að bjóða þeim nemendum sem uppfylla hæfniviðmið í sundi í 9. bekk að ljúka sundinu frá og með næsta skólaári. Nokkrir skólar nefndu sérstaklega að þeim nemendum sem ekki ná hæfniviðmiðum í skólasundi í 9. bekk sé boðið upp á að taka stöðupróf í skólasundi í 10. bekk. Í flestum skólum er boðið upp á aukið val í staðinn fyrir skólasund en átta skólar nefndu að boðið væri upp á þriðja hreyfitímann eða bóklegar skólaíþróttir í staðinn fyrir sundið.

Af ofangreindu má ljóst vera að í flestum skólum borgarinnar er þegar verið að nýta þann sveigjanleika sem aðalnámskrá grunnskóla býður upp á varðandi það að nemendur geta lokið hæfniviðmiðum í skólasundi með því að taka stöðupróf í 9. bekk og fá möguleika á námi í bóklegum hluta skólaíþróttanna eða annars konar hreyfingu í staðinn.



## **Breytingartillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna vegna tillögu ungmennaráðs Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða um skólasund**

Skóla- og frístundaráð leggur til að frá og með skólaárinu 2022 – 2023 verði nemendum í 8. bekk kynntur sá möguleiki að þeir geti haft val um að ljúka hæfniviðmiðum skólasunds í 9. bekk. Þeim nemendum sem ljúka hæfniviðmiðum skólasunds í 9. bekk verði boðið upp á að dýpka þekkingu sína og færni í öðrum greinum skólaíþróttar og jafnframt tryggt að nemendur fái þann tíma til hreyfingar sem viðmiðunarstundaskrá aðalnámskrár segir til um.

### **Greinargerð:**

Aðalnámskrá grunnskóla (2011) felur í sér almenna heimild fyrir nemendur að ljúka hæfniviðmiðum einstakra námsgreina eða -sviða á skemmri tíma en 10 árum. Skólastjóri hvers grunnskóla metur og tekur ákvörðun um hvort slíku skilyrði hafi verið mætt í hverju tilviki fyrir sig. Í aðalnámskrá grunnskóla er miðað við að nemendur fái a.m.k. einn sundtíma í hverri viku skólaársins eða ef ekki er hægt að koma því við fái nemendur að lágmarki 20 sundtíma á ári. Þær stundir, sem eftir standa, skal nýta til skólaíþróttar.

Í aðalnámskrá grunnskóla kemur jafnframt fram að hafi nemendur náð hæfni- og matsviðmiðum í 8. eða 9. bekk í tiltekinni námsgrein þ.m.t. skólasundi beri að bjóða þeim að dýpka þekkingu sína í námssviðum grunnskólans eða fjölbreytt val í öðrum greinum, allt eftir áhuga þeirra. Skv. álitni mennta- og menningarmálaráðuneytisins er eðlilegt að bjóða þeim nemendum sem uppfylla lokaviðmið í sundi að dýpka þekkingu sína í skólaíþróttum allt eftir áhuga þeirra.

Í könnun sem gerð var í lok skólaárs 2020 – 2021 meðal þeirra grunnskóla borgarinnar sem eru með unglíngastig kom í ljós að flestir skólar bjóða nú þegar nemendum í 9. bekk að taka stöðupróf í sundi og ljúka þar með hæfniviðmiðum aðalnámskrár í skólasundi. Þeir fáu skólar sem ekki höfðu boðið upp á þennan möguleika á síðasta skólaári munu gera það á næsta skólaári.

Með tillögunni er stuðlað að auknum möguleikum nemenda til að dýpka þekkingu sína eða færni í einstökum greinum skólaíþróttar eða öðrum tækifærum til hreyfingar að eigin vali sem getur stuðlað að því að þeir geri reglubundna hreyfingu að hluta af sínum lífsstíl til framtíðar. Um leið er stuðlað að því að draga úr andlegri vanlíðan og kvíða unglínga yfir því að þurfa að sækja skólasund eins og fram kemur í greinargerð með tillögu fulltrúa í Reykjavíkurráði ungmenna frá 11. júní 2021.

